

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 5. mars 2024.

Mál nr. 566/2022:

**Lyfjablóm ehf.**

(Jón Þór Ólason lögmaður)

gegn

**Þórði Má Jóhannessyni**

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

og

**Sólveigu Guðrúnu Pétursdóttur**

(Ragnar H. Hall lögmaður)

**Lykilorð**

Hæfi dómara.

**Útdráttur**

Með vísan til málsatvika og málatilbúnaðar aðila var talið að fyrir hendi væru réttmætar ástæður til þess að draga í efa óhlutdrægni dómara við Landsrétt, sbr. g-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var því öllum dómurum Landsréttar gert að víkja sæti í málinu, sbr. 1. málslíð 2. mgr. 25. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, sbr. 43. gr. laga nr. 76/2019.

## Úrskurður Landsréttar

Davíð Þór Björgvinsson, varaforseti Landsréttar, kveður upp úrskurð í máli þessu í fjarveru forseta réttarins.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Landsréttar 30. júní 2022. Ekki varð af fyrirhugaðri þingfestingu þess 17. ágúst sama ár og áfrýjaði hann öðru sinni 13. september sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júní 2022 í málinu nr. E-3963/2018.
- Áfrýjandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða áfrýjanda: 1) 800.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. september 2013 til 27. desember 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá 27. desember 2018 til greiðsludags og 2) 1.500.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. sömu laga frá 7. september 2013 til 27. desember 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá 27. desember 2018 til greiðsludags. Til vara vegna beggja ofangreindra kröfuliða krefst áfrýjandi þess að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða áfrýjanda skaðabætur að álitum að mati dómsins, auk vaxta og dráttarvaxta. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Stefndi, Þórður Már Jóhannesson, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Stefnda, Sólveig Guðrún Pétursdóttir, krefst þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, til vara að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Landsrétti.

#### **Niðurstaða**

- 5 Ágreiningur máls þessa lýtur að skaðabótakröfu á hendur stefndu vegna tjóns sem áfrýjandi telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmætrar og saknæmrar háttsemi þeirra. Telur áfrýjandi að stefndi, Þórður Már, hafi beitt skipulegum og alvarlegum blekkingum gagnvart áfrýjanda vegna fjárfestinga hans í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. og dótturfélögum þess félags, sem hafi valdið honum verulega miklu fjártjóni. Hann hafi þannig verið blekktur til að kaupa 50% hlut í Þúfubjargi ehf. 16 október 2006 fyrir 800.000.000 krónur sem hafi þá í raun verið verðlaust og eignalaust félag. Jafnframt hafi röngum og villandi upplýsingum verið haldið að hluthöfum í árshlutareikningi og kynningarefni á hluthafafundi Gnúps fjárfestingafélags hf. 10. ágúst 2007 sem hafi orðið til þess að áfrýjandi lagði fram 1.500.000.000 krónur vegna hlutafjárhækkunar í félagið í nóvember 2007.
- 6 Af gögnum málsins verður ráðið að áður en síðarnefndu viðskiptin fóru fram hafi verið haldinn hluthafafundur 11. nóvember 2007 sem Aðalsteinn E. Jónasson hafi átt stóran þátt í að undirbúa og hafi síðan stýrt, en hann hafi þá starfað sem innanhússlögfræðingur hjá Gnúpi fjárfestingafélagi hf.
- 7 Í ágripi málsins liggur fyrir endurrit vitnaskýrslu sem Aðalsteinn gaf fyrir héraðsdómi þann 10. maí 2022, en hann var þá, og er enn, skipaður dómari við Landsrétt. Í greinargerð stefndu til Landsréttar er meðal annars vísað til þessa framburðar til stuðnings málsástæðum stefndu. Þá er vísað til framburðar hans í greinargerð áfrýjanda. Í samræmi við þetta er ekki útilokað að dómarar Landsréttar geti staðið frammi fyrir því að veга og meta sönnunargildi og trúverðugleika framburðar samdómara síns Aðalsteins við úrlausn málsins.
- 8 Við úrlausn þess hvort öllum dómurum Landsréttar verði gert að víkja sæti í málinu er til þess að líta að ákvæðum 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er öðrum þræði ætlað að koma í veg fyrir að tortryggni skapist í garð dómara og dómstóla við meðferð máls, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 5. nóvember 2010 í máli nr. 601/2010. Þegar þær aðstæður sem fyrir liggja í málinu eru metnar í heild leiðir af framangreindu að telja verður að fyrir hendi séu hlutrænt séð réttmætar ástæður til þess að draga í efa óhlutdrægni dómara við Landsrétt, sbr. g-lið 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð einkamála. Af þeim sökum þykir rétt, eins og hér á stendur, að allir dómarar réttararins víki sæti í málinu, sbr. 1. málslíð 2. mgr. 25. gr. laga nr. 50/2016, sbr. 43. gr. laga nr. 76/2019.

## **Úrskurðarorð:**

Dómarar við Landsrétt víkja sæti í máli þessu.